

# **Samþykktir og þingsköp Fjórðungssambands Vestfirðinga**

**Samþykkt á 66. Fjórðungspingi Vestfirðinga, haust**

**Haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021**

**Gildistaka 23. október 2021**

**Fjórðungssamband Vestfirðinga kt 700573-0799**

## Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

### 1. gr. Heiti og heimili

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

### 2. gr. Hlutverk

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðapróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða eftir því sem við á.

### 3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing er haldið í tvennu lagi á hverju ári, Fjórðungsþing að vori skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsþing að hausti í september eða október.

Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings, aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukapung skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukapung haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

Það ár sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal stjórn boða til aukabings fyrir lok júní, þingið skal haldið í fjarfundi. Á dagskrá aukabingsins er kosning nefnda. Skulu þessar nefndir hefja undirbúning að Fjórðungsþingi að hausti, samkvæmt ákvæðum sem um þær gilda í samþykktum Fjórðungssambands og þingskapa Fjórðungsþings.

#### **4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðaréttur**

Fulltrúar á Fjórðungsþingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra. Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa eigin sveitarfélags, skal hann senda tilkynningu til sveitarstjórnar með sannanlegum hætti og afhenda viðkomandi þingfulltrúa undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar ásamt afriti af tilkynningu til sveitarstjórnar. Yfirlýsingu um framsal atkvæðisréttar og tilkynningu til sveitarstjórnar skal þingfulltrúi leggja fram við komu á Fjórðungsþing eða með sannanlegum hætti.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

#### **5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins**

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum. Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formanskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum. Hætti varamaður eða varamaður tekur sæti aðmanns í stjórn, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta ársþings.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

## **6. gr. Ársreikningur**

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

## **7. gr. Árstíllag sveitarfélaganna**

Ákvörðunum um árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins er tekin á haustþingi. Árstíllagið skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags og skal miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

## **8. gr. Sérstök málefni sveitarfélaga**

Hvorki stjórn, né fundir Fjórðungssambands Vestfirðinga skulu hafa afskipti af sérmálum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskipti ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.

## **9. gr. Fjórðungsþing að vori**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að vori, ár hvert.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Á dagskrá Fjórðungsþings að vori skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna
6. Önnur mál löglega fram borin.
7. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

## **10. gr. Fjórðungsþing á kosningasumri**

Á því ári sem kosið er til sveitarstjórna skal stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga undirbúa og hafa umsjón með auka Fjórðungsþingi að sumri sem halda skal í fjarfundi.

Á dagskrá auka Fjórðungspings að sumri skulu vera þessi mál;

1. Kosning kjörnefndar og kosning fjárhagsnefndar fyrir Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti.
2. Önnur mál löglega fram borin.
3. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

### **11. gr. Fjórðungsping að hausti**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi að hausti ár hvert. Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði fjárhagsáætlun næsta árs og endurskoðuð fjárhagsáætlunin líðandi árs skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsping.

Haustþingið skal ræða helstu hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum og getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls.

Á dagskrá Fjórðungspings að hausti skulu vera þessi mál;

1. Ávarp formanns FV.
2. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða
3. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum
4. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
5. Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári
6. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsárs.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns
9. Kosning í fastanefndir
10. Breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga
11. Önnur mál löglega fram borin.

### **12. gr. Fastanefndir**

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa þrjár fastanefndir; Innviðanefnd, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og Fjárhagsnefnd.

Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- Í Innviðanefnd skulu kosnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Innviðanefndar með sérstakri kosningu og skal sá fulltrúi jafnframt eiga sæti í stjórn Fjórðungssambands. Innviðanefnd vinnur með stjórn, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðsstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu að gerð og eftirfylgni innviðaaáætlunar og við hagsmunagæslu vegna innviðauppyggingar.
- Í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrír fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af

norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

- Kjörrið skal í tvö fagrað sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagrað menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagrað atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrír fulltrúar hvors fagraðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.
- Í Fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðarmála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

### **13. gr. Kostnaður**

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknarir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungspingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa á Fjórðungspingum.

### **14. gr. Vestfjarðastofa**

Vestfjarðastofa heldur utan um rekstur FV samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu er jafnframt framkvæmdastjóri FV og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir FV, skal vera hluti af ráðningarsamningi Vestfjarðastofu við hann.

### **15. gr. Framkvæmd verkefna**

Stjórn Vestfjarðastofu og þar með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, ræður framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu Vestfjarðastofu forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn fyrir Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandið.

Framkvæmdastjóri og sviðstjórar eiga seturétt á Fjórðungspingi jafnt að vori sem á hausti, sem og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungspingi að vori.

Stjórn FV skal gera skriflegan samning við stjórn Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna fyrir hönd FV. Þar sem öll stjórn FV er í stjórn Vestfjarðastofu, skal varaformaður FV velja tvo aðra stjórnarmenn með sér til að gæta hagsmuna FV í tvíhliðasamningum við Vestfjarðastofu.

### **16. gr. Um aðild og úrsögn**

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsþing og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild og ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en átta vikum fyrir Fjórðungsþing að vori og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

Verði breyting á sveitarfélagamörkum og nöfnum sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga halda hin sameinuðu sveitarfélög aðild að FV án sérstaks uppgjors eða meðhöndlunar sem um úrsögn væri að ræða.

### **17. gr. Breytingar á samþykktum**

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má samþykktum þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

### **18. gr. Slit**

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema á kosningarári og þá aðeins að löglega boðuð Fjórðungsþing að vori og að hausti, samþykki það með 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Þingin skulu haldin á hefðbundnum tíma árs og með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

## **Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga**

1. gr.

Árþingið heitir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

2. gr.

Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins í tvennu lagi að vori og hausti. Við lok vorþings er þingi frestað til haust og við lok haustþings er þingi slitið. Aukaping skal haldið á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á Fjórðungsþingi og aukaping og nefnda og ráða á vegum sambandsins, ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður. Þegar fjarfundarbúnaður er notaður skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu og óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram.

3. gr.

Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþings-skrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4. gr.

Þingfulltrúar skrá sig við upphaf þingsins.

5. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastanefndir:

- Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og annað sem varðar stjórnskipulag Fjórðungssambands.
- Allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir árþings og þau mál sem varða markmið og almenn verkefni Fjórðungssambandsins.

Auk þessara nefnda getur þingið ákveðið að setja nefndir um sérstök mál eða málaflokka til starfa á þinginu eða milli þinga. Heimilt er að haga svo kjöri í þingnefndir að fulltrúar velji sjálfir þá nefnd sem þeir vilja starfa í.

Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.



Á þingum, þegar kosningar fara fram starfar kjörnefnd sem Fjórðungsþing eða aukaðing hefur áður valið. Kjörnefnd leggur fram tillögur að skipan stjórnar, formanns stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fastanefndir samkvæmt samþykktum.

7. gr.

Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr.

Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur.

Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr.

Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðum vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta. Heimilt er fyrir fulltrúa að koma með stuttar fyrirspurnir úr sæti sínu.

14. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en tvisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftari til máls.

15. gr.

Forseti skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar óska þess skriflega.

16. gr.

Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og háttarni. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr.

Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr.

Þingsköpum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.